

Nú legg ég augun aftur,
ó, Guð, þinn náðarkraftur
mín veri vörn í nótt.
Æ, virst mig að þér taka,
mér yfir láttu vaka
þinn engil, svo ég sofi rótt.
***Foersom - Sveinbjörn Egilsson***

***Moldun***

Ég fel í forsjá þína,
Guð faðir, sálu mína,
því nú er komin nótt.
Um ljósið lát mig dreyma
og ljúfa engla geyma
öll börnin þín, svo blundi rótt.
***Matthías Jochumsson***

***Blessun***

***Eftirspil***
*Gullvagninn*



*Prestur: Sr. Benjamín Hrafn Böðvarsson*
*Organisti: Navina Dueck Stefansson*
*Einsöngur: Andri Bergmann Þórhallsson*
*Karlakórinn Glaður syngur*
*Meðhjálpari: Guðný Þórdís Jónsdóttir*

***Aðstandendur þakka auðsýnda samúð og hlýhug og bjóða viðstöddum að þiggja kaffiveitingar í safnaðarsal kirkjunnar að athöfn lokinni.***

Héraðsprent



# *Hjalti Sigurðsson*

***Fæddur 16. apríl 1950***
***Dáinn 4. september 2022***

*Útför frá Eskifjarðarkirkju,*
*þriðjudaginn 13. september kl. 13:00*

## *Forspil*

*Söknuður*

## *Signing og bæn*

### *Hærra, minn Guð, til þín*

1 Hærra, minn Guð, til þín,
hærra til þín,
enda þótt öll sé kross
upphefðin mín.
Hljóma skal harpan mín:
:,: Hærra, minn Guð, til þín, :,:
hærra til þín.

2 Villist ég vinum frá
vegmóður einn,
köld nóttin kringum mig,
koddi minn steinn,
heilög skal heimvon mín.
:,:Hærra, minn Guð, til þín, :,:
hærra til þín.

3 Sofanda sýndu þá
sólstigans braut
upp í þitt eilífa
alföðurskaut.
Hljómi svo harpan mín:
:,: Hærra, minn Guð, til þín, :,:
hærra til þín.

4 Árla ég aftur rís
ungur af beð.
Guðs hús á grýttri braut
glaður ég hleð.
Hver og ein hörmung mín
hefur mig, Guð, til þín,
hærra, minn Guð, til þín,
hærra til þín.

5 Lyfti mér langt í hæð
lukkunnar hjól,
hátt yfir stund og stað,
stjörnur og sól,
hljómi samt harpan mín:
:,: Hærra, minn Guð, til þín, :,:
hærra til þín.

***Adams - Matthías Jochumsson***



## *Ritningarlestur*

### *Stattu um stund á Hólmahálsi*

Stattu við um stund á Hólmahálsi
og horfðu yfir fjörð og byggð og sæ
og lít þú á, hve fjallahringur frjálsi
í faðmi sínum lykur sérhvern bæ.
Þar sérðu Skrúð á stakki bláum standa
sem stoltan tryggan útidyravörð,
en Vöttur gamli lýsir milli landa
með leiftur kyndli veg á Reyðarfjörð.

Þar sérðu gnæfa Hólmatindinn háa,
það hamratröll er vinur minn og þinn.
Hann dregur hugann frá því ljóta´ og lága
og leið oss vísar upp í himininn.
Á brúðarslæður Bleiksárfossar minna,
sú bæjarprýði´ af höndum Drottins gjörð.
Ég bið svo fyrir boð til vina minna
með bestu hjartans kveðju´ á Eskifjörð.

***Þorvaldur Friðriksson - Pétur Jónsson***

## *Guðspjall*

### *Óbyggðirnar kalla*

Hoppa kátur út um dyrnar
við blasir himininn,
himinblár er bláminn
himneskur jökullinn.

Óbyggðirnar kalla
og ég verð að gegna þeim,
ég veit ekki hvort eða hvernig
eða hvenær ég kem heim.

Bergmál óbyggðanna
svo bjart í huga mér,
leiður á öllu og öllum
hundleiður á sjálfum mér.

Óbyggðirnar kalla
og ég verð að gegna þeim,
ég veit ekki hvort eða hvernig
eða hvenær ég kemst heim.

***Magnús Eiríksson***

## *Minningarorð*






### *Það þarf fólk eins og þig*

1 Það þarf þarf fólk eins og þig
fyrir fólk eins og mig,
frá Bláa lóns böðum
að nyrstu sjávarströnd.

2 Frá vel þekktum stöðum
út í ókönnuð lönd,
þarf fólk eins og þig
fyrir fólk eins og mig.

3 Ef dimmir í lífi mínu um hríð,
eru bros þín og hlýja svo blíð.
Og hvert sem þú ferð,
og hvar sem ég verð,
þarf fólk eins og þig
fyrir fólk eins og mig.

4 Það þarf þarf fólk eins og þig
fyrir fólk eins og mig,
frá hlíðum Akureyrar,
inn í grænan Herjólfsdal.

5 Frá Hallormstaðarskógi,
inn í fagran Skorradal,
þarf fólk eins og þig
fyrir fólk eins og mig.

6 Ef dimmir í lífi mínu um hríð
eru bros þín og hlýja svo blíð.
Og hvert sem þú ferð,
og hvar sem ég verð,
þarf fólk eins og þig
fyrir fólk eins og mig.

***Buck Owens - Rúnar Júlíusson***

## *Bæn og Faðir vor*

### *Kveðjustund*

Nú komin er kveðjustund okkar
og kossinn ég síðasta fæ.
En minningin merlar og lokkar
sú minning fer aldrei á glæ.
Innst í hjarta sem gull ég þig geymi
þú ert glóbjarta drottningin mín.
Þó árin til eilífðar streymi
fer aldrei burt myndin þín.

***Þorvaldur Friðriksson - Kristján Ingólfsson***